

## Fundargerð

5. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í Kaffi Flóru Laugardal þriðjudaginn 17. júlí 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:15 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 4. fundar staðfest milli funda. Stjórn hafði staðfest rafrænt milli funda viðbótarkostnað vegna þátttöku á NMU20 2018. Mótið fer fram í Hvidovre í Danmörku, 10. – 12. ágúst nk.

### 2. Fjármál – 6 mánaða árshlutauppgjör FRÍ

Gjaldkeri gerði grein fyrir 6 mánaða árshlutauppgjöri, sem sent hafði verið stjórnarmönnum fyrir fundinn. Helstu niðurstöður eru í samræmi við áætlun og resktrarniðurstaða jákvæð. Engir verulegir breistir hvorki í tekju- né gjaldahlið. Rýna þarf uppgjör á mótum- og þjónustugjöldum. Uppgjörið rætt og færsla á einstaka bókhaldslykla til frekari útskýringa. Farið yfir sundurliðun. Stjórnin lýsir ánægju sinni með niðurstöður og að uppgjörið skuli komið fram svo snemma.

### 3. Tímatökumál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samkomulagi sem gert var við sveitarfélög fyrir fimm árum vegna tímatökubúnaðar. Kynntar viðræður við Tímatöku ehf. um þjónustusamning. Rætt um viðhald á búnaðinum, notkun og reglufestu. Stjórnin samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Tímatöku ehf. um umsjón og eftirlit með tímatökubúnaði. Jafnframt samþykkt að samkomulagið nái til septemberloka 2019 og verkefnið verði þá rýnt í ljósi reynslunnar, enda gert ráð fyrir að tímatökubúnaðurinn sé afskrifaður að fullu í árslok 2019. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður falli á aðildarfélögin vegna þessa á árinu 2018 og 2019 nema vegna tilfallandi sérverkefna þeirra.

### 4. Starfsmannamál - Verkefnastjóri

Rætt um breytingar á starfsmannahaldi, en Magnea Dröfn Hlynsdóttir lét af störfum að eigin ósk vegna annarra starfa. Stjórnin þakkar henni góð störf, í stuttan tíma, í þágu FRÍ og óskar henni velfarnaðar í nýjum störfum. Stjórnin ákveður að auglýsa nú þegar eftir verkefnastjóra sökum umsvifa á skrifstofu og í öðrum þróunarverkefnum.

### 5. Afreksmál

a. Manchester International 15.8.2018. Stjórn samþykkir tillögu afreksstjóra um breytingar á þátttöku á mótinu og felur afreksstjóra í samvinnu við ÍPA nánari útfærslu og val.

b. Meistaramótið Sauðárkróki. Almennt gekk framkvæmd mótsins vel, en nokkur atriði eru í rýni hjá mótshöldurum og framkvæmdastjóra FRÍ. Unnið er að úrvinnslu.

c. Bikarkeppnin Borgarnesi. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skipulagningu og umsvifum. Framkvæmd í góðum farvegi jafnt sem dómaramál, skipting á milli félaga er varðar framkvæmdaþætti komin fram.

## 6. Önnur mál

- a. Fjárhagsnefnd. Gjaldkeri gerir grein fyrir að nefndin er að fullu skipuð og tekur til starfa innan tíðar.
- b. Laganefnd. Upplýsingar hafa borist að laganefnd fundi innan tíðar og gangi frá rýni þingskjala.
- c. Móttaka var haldin í Laugardal vegna EM18 sem haldið var í Ungverjalandi 5.-7. júlí. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir varð Evrópumeistari í 100 metra hlaupi stúlkna og hún tók bronsverðlaun í 200 metra spretthlaupi. Farið var yfir árangur keppenda og fjölmiðlar mættu í kaffiboðið ásamt keppendum, fylgdarliði, forráðamönnun, unglínganefnd og stjórn FRÍ. Góð og stutt samkoma.
- d. Þjóðarleikvangur í Laugardal. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur upplýst að skipaður verði starfshópur um verkefnið. FRÍ sendi ráðherra nýtt bréf 03.07.2018 þar sem FRÍ ítrekar að skipan starfshópsins fari fram hið fyrsta, enda á málið sér langa forsögu.
- e. Forsetaverkefnið. Var sett í hvíld um tíma, vegna þröngs tímaramma.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með teygjuæfingum varaformanns kl.17:45.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*